

## REGLUGERÐ

**um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 141/2007, um kröfu varðandi samþykki, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005, fyrir starfsstöðvum fóðurfyrirtækja sem framleiða eða setja á markað aukefni í fóðri sem er í flokknum hníslalyf og vefsvipungalyf.**

### 1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í II. kafla í I. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2007, frá 7. júlí 2007, öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 141/2007, um kröfu varðandi samþykki, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005, fyrir starfsstöðvum fóðurfyrirtækja sem framleiða eða setja á markað aukefni í fóðri sem er í flokknum hníslalyf og vefsvipungalyf.

### 2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 141/2007 er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

### 3. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

### 4. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. e laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, með síðari breytingum.

### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, með síðari breytingum.

### 6. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 13. febrúar 2012.*

F. h. r.

**Sigurgeir Þorgeirsson.**

---

*Indriði B. Ármannsson.*

**Fylgiskjal.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 141/2007**

frá 14. febrúar 2007

**um kröfu varðandi samþykki, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005, fyrir starfsstöðvum fódurfyrirtækja sem framleiða eða setja á markað aukefni í fódri sem er í flokknum hníslalyf og vefsvipungalyf**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

var krafist samþykkis fyrir í landslögum. Starfsstöðvar, sem voru samþykktar samkvæmt tilskipun ráðsins 95/69/EB<sup>(3)</sup>, falla nú þegar undir 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 183/2005.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 frá 12. janúar 2005 um kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fódur<sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 10. gr.,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. gr.

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 183/2005 er kveðið á um samþykki tiltekinna starfsstöðva fódurfyrirtækja. Meginmarkmiðið með samþykkiskerfinu, sem sett er á fót með reglugerð (EB) nr. 183/2005, er að láta starfsstöðvar sem framleiða og/eða setja á markað afurðir sem eru taldar viðkvæmar sæta viðeigandi kröfum um hollustuhætti sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð. Í þeirri reglugerð er kveðið á um möguleika til þess að rýmka gildissvið kröfunnar fyrir samþykki.

Stjórnendur fódurfyrirtækja skulu tryggja að starfsstöðvar undir þeirra stjórn, sem falla undir reglugerð (EB) nr. 183/2005, séu samþykktar af lögbæru yfirvaldi framleiði þessar starfsstöðvar og/eða setji á markað aukefni í fódri úr flokknum hníslalyf og vefsvipungalyf. Samþykkið skal afgreitt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 183/2005.

2. gr.

- 2) Hníslalyf og vefsvipungalyf eru einn af flokkum aukefna í fódri sem um getur í e-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fódri<sup>(2)</sup>. Þessi flokkur aukefna í fódri er talinn vera jafn viðkvæmur og aðrir flokkar sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 183/2005 að samþykki þurfi fyrir.

Starfsstöðvar, sem framleiða og/eða setja á markað aukefni í fódur úr flokknum hníslalyf og vefsvipungalyf en þess var ekki krafist samkvæmt landslögum á þeim degi þegar reglugerðin gekk í gildi að samþykki hefði verið fengið fyrir þessum flokki aukefna í fódri, geta haldið áfram starfsemi sinni þar til ákvörðun hefur verið tekin um umsókn þeirra um samþykki, að því tilskildu að þær leggi inn umsóknina hjá lögbæru yfirvaldi á því svæði, þar sem starfsstöð þeirra er staðsett, eigi síðar en 7. júní 2007.

3. gr.

- 3) Því ættu starfsstöðvar, sem framleiða og/eða setja á markað aukefni í fódri sem tilheyra flokknum hníslalyf og vefsvipungalyf, einnig að sæta sömu kröfum um samþykki.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

- 4) Kveða skal á um bráðabirgðaráðstafanir varðandi starfsstöðvar sem framleiða og/eða setja á markað aukefni í fódri úr flokknum hníslalyf og vefsvipungalyf sem ekki

Hún kemur til framkvæmda frá 7. apríl 2007.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 (Stjtið. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 332, 30.12.1995, bls. 15. Tilskipun var felld niður með reglugerð (EB) nr. 183/2005.

Nr. 180

13. febrúar 2012

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2007.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Markos KYPRIANOU

*framkvæmdastjóri.*

---

B-deild – Útgáfud.: 27. febrúar 2012